

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 6. september 2023
Málsnúmer: 202308-0003
BK

Efni: Borgargerði 4 – nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 2. ágúst 2023, þar sem sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi fyrir Borgargerði 4 í Borgarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Fyrirhuguð er uppbygging á svæðinu en ekki kemur fram með skýrum hætti um hvers konar uppbyggingu er að ræða.

Skipulagssvæðið er að hluta til innan friðlandsins Miklavatn og að öllu leyti innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/laglendi-skagafjardar>).

Í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er stór hluti svæðisins flokkaður sem votlendi sem skiptist í starungsmýravist og runnamýravist á láglandi en verndargildi beggja vistgerða er mjög hátt. Þurrlandari svæði samanstanda af ýmsum mólendisvistgerðum sem hafa lágt til mjög hátt verndargildi, auk graslendisvistgerðarinnar língresis- og vingulsvistar sem hefur hátt verndargildi. Tún eru innan svæðisins.

Innan skipulagssvæðisins má reikna með talsvert miklu fuglalífi, sérstaklega þegar nær dregur Miklavatni.

Í skipulagslýsingunni má sjá að áætlað framkvæmdasvæði er utan friðlandsins og á nokkuð röskuðu landi sem hefur m.a. verið framræst. Við framkvæmdir ber að forðast frekara rask á votlendi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið

